

113. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn fimmtudaginn 28.08. 2014, kl. 20.30 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Anton Ragnarsson formaður,
Bylgja Dröfn Jónsdóttir,
Hallveig H. Þorbjargardóttir,
Fríða Sveinsdóttir,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Hafnarstjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Kosning formanns. Tillaga lögð fram um Anton Ragnarsson. Tillagan samþykkt samhljóða. Anton Ragnarsson tók við stjórn fundarins.
2. Kosning varaformanns. Tillaga lögð fram um Arnar L. Jóhannsson. Tillagan samþykkt samhljóða.
3. Bréf frá bæjarritara dags. 12.06. 2014, varðandi samþykkt bærarstjórnar á fundargerð 112. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
4. Fundargerð stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 365 dags. 15.05. 2014. Lagt fram til kynningar.
5. Rifshöfn, viðhaldsdýpkun 2014. Hafnarstjóri og kynnti og fór teikningu B-8666, varðandi fyrirhuguð dýpkunarsvæði. Hafnarstjórn gerir ekki athugasemdir við teikninguna og fyrirhuguð dýpkunarsvæði. Samþykkt samhljóða.
Þá kynnti hafnarstjóri verksamning við Björgun ehf. dags. 21.07. 2014, að upphæð kr. 46.536.500.- m/vsk. vegna dýpkunarinnar. Samningurinn samþykktur samhljóða.
6. Bréf frá Hafnasambandi Íslands dags. 25.08. 2014, varðandi 39. Hafnasambandsþing sem haldið verður í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð dagana 04. - 05.09. 2014. Tillaga lögð fram um að eftirtaldir mæti á þingið.

Aðalmenn. Björn Arnaldsson hafnarstjóri,
Anton Ragnarsson formaður hafnarstjórnar,
Kristinn Jónasson bærarstjóri.

Varamenn. Arnar L. Jóhannsson,
Þóra Olsen,
Hallveig H. Þorbjargardóttir.

Samþykkt samhljóða.

7. Aðildarhafnir Hafnasambands Íslands, stefna til 2030. Hafnarstjóri kynnti drög að skýrslu sem unnin var af Íslenska sjávarklasanum fyrir Hafnasambandið. Lagt fram til kynningar.
8. Skýrsla um úttekt og greiningu á fjárhagsstöðu íslenskra hafna vegna ársins 2012. Skýrslan er unnin af Sambandi íslenskra sveitarfélaga fyrir Hafnasambandið. Hafnarstjóri fór yfir og kynnti helstu atriði skýrslunnar. Lagt fram til kynningar.
9. Rætt um boðun á fundi hafnarstjórnar. Samþykkt að senda fundarboð framvegis í tölvupósti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.50

Anton Ragnarsson formaður,
Bylgja Dröfn Jónsdóttir,
Hallveig H. Þorbjargardóttir,
Fríða Sveinsdóttir,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.